

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. nóvember 2023.

Efni: Umsögn um þingmál 485, frumvarp forsætisráðherra til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesi.

Háttvirtir þingmenn.

Í nýlega framlögðu frumvarpi forsætisráðherra á þingskjali 534 til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesi er í 2. gr. að finna upptalningu valkosta um nauðsynlegar framkvæmdir til verndar innviðum. Þrír möguleikar eru sérstaklega tilteknir.

Undirritaður telur mikilvægt að bæta við fjórða valmöguleikanum í þessari upptalningu sem er sérstakar steinsteyptar einingar til varnar innviðum.

2. mgr. 2. gr gæti þá litið svona út:

Nauðsynlegar framkvæmdir sem falla undir 1. mgr eru:

1. uppbygging varnargarða,
2. gerð varnarfyllinga yfir veitumannvirki,
3. gróftur leiðarskurða
4. **notkun sérstakra steinsteyptra varnareininga**

Undirritaður vinnur að hönnun fyrrnefndra steypueininga til varnar innviðum. Sú vinna byggir á áralangri reynslu við ýmis sértæk steypuverkefni og samráð hefur verið haft við fjölmarga fagaðila og sérfræðinga, þ.á.m. verkfræðistofuna Eflu og Tæknisetur. Með notkun sérhæfðrar hraðharðnandi og þolinnar steypu sem styrkt er með sérstökum trefjum er hægt að forsteypa einingarnar nálægt hraunflæði og setja niður þar sem þörf er á til varnar vegum, veitumannvirkjum o.fl. Sérstaðan við þessa aðferð er hversu hratt er hægt að bregðast við með því að koma einingunum fyrir degi eftir að þær eru steyptar. Einingarnar munu þola að hraun renni yfir þær og mynda göng. Með þessum hætti mætti bjarga vegum og öðrum mannvirkjum.

[Með því að smella hér má sjá myndband þar sem hugmyndin er útskýrð.](#)

Undirritaður er reiðubúinn að mæta fyrir þingnefnd til að útskýra þennan möguleika betur.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Halldórsson,
frumkvöðull.

Gautlandi 1, 108 Reykjavík.
Sími:897-9394.
Tölvupóstur: vegskali@gmail.com.